

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



Reykjavík, 5. febrúar 2009
Tilvísun: UST20090200021/bs


Deiliskipulag Hverahlíðarvirkjun. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Sýnileiki lagna: Umhverfisstofnun telur þær aðferðir sem kynntar eru varðandi mismunandi sýnileika lagna góðra gjalda verðar. Stofnunin telur hins vegar að jafnframt verði að taka tillit til þátta eins og jarðmyndanir og landform á fyrirhuguðum lagnaleiðum, sem og nálægð við alfaraleið. Umhverfisstofnun telur að orkað geti tvímælis að hylja lagnir með þeim hætti sem gert hefur verið við heitavatnslögn sem lögð var við hlið Hringvegar 1 í Melasveit.

Mön norðan stöðvarhúss: Umhverfisstofnun telur að gerð jarðvegsmana til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja geti haft neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Manir og hryggir eru oft framandi form í landi. Dæmi þess má t.d. sjá við Geirland við Suðurlandsveg. Æskilegt hefði verið í deiliskipulagi að gera frekari grein fyrir þeim hugmyndum sem leggja á til grundvallar við hönnun umræddrar manar. Varðandi sjónræn áhrif mannvirkja við Hverahlíð vísar Umhverfisstofnun til fyrri umsagna.

Útstreymi jarðhitalofttegunda: Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir því brennisteinsvetni sem losnar þegar borholur eru látnar blása.
Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri